

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Múlaþing (áður Borgarfjarðarhreppur) Brandsbolum



Dags eftirlits	20.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Múlaþing (áður Borgarfjarðarhreppur)	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660220-1350	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hugrún Hjálmarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	739418,151 568593,816

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit og varðar það að vantar inn hluta af skráningum í skýrsluskil rekstraraðila. Engar ábendingar eru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Brandsbolum í Borgarfirði eystri í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti og urða allt að 200 tonn af blönduðum úrgangi á ári. Þ. e. óvirkum úrgangi og blönduðum heimilisúrgangi. Úrgangur sem falla í flokk 01, 02, 19 og 20 samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Einnig má urða óvirkt efni frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Urðun spilliefna er óheimil. Eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í lið a í 1. Gr. reglugerðar nr. 674/2017, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009. Gildistími starfsleyfis er til 20. mars 2036.

Samtals var urðað á Brandsbolum 111,7 tonn af úrgangi árið 2022. Af því fellur 36% til blandaðs úrgangs tengt byggingar- og niðurrifsstarfsemi, 31% til blandaðs úrgangs frá heimilum og rekstri úr þáverandi Borgarfjarðarhreppi, 14% fellur undir fiskiúrgang, 11% timburúrgang, 7% til dýrahraða og sláturúrgangs og 1% falla undir glerumbúðarúrgangs.

Við eftirlit benti rekstraraðili á að hann væri staddur í miðju ferli við að leita af nýjum verkefnastjóra umhverfismála til að halda utan um starfsleyfisskyld atriði urðunarstaða í sveitarfélaginu.

Engar athugasemdir eru settar fram vegna vöktunar á samsetningu grunnvatns. Í skýrsluskilum vantar inn skráningar á rennslismælingum á magni yfirborðsvatns úr læk neðan urðunarstaðar sem á að vera framkvæmd 1x á ári. Vantar skráningar á mælingum á hæð grunnvatnsborðs sem á að vera framkvæmd 2x á ári. Að auki vantar inn í skráningar á niðurstöðum á samsetningu grunnvatns úr læk sem á að vera gerð 1x á ári, fyrir 1. október. Skal taka mið af vöktunaráætlun í 4.2. í starfsleyfi. Stuðst er við veðurfarsmælingar frá Bakkagerði og Vatnsskarði eystra.

Ekki var tilefni til athugasemda varðandi aðkomu urðunarstaðar og verklags á urðunarstað.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

grein 4.2 í starfsleyfi er varða vöktunarmælingar:

Í ársskýrslu sem skilað var af rekstraraðila, vantar mælingar á samsetningu yfirborðsvatns, magni yfirborðsvatns og stöðu grunnvatns sbr. vöktunaráætlun 4.2 í starfsleyfi. Ber að skila niðurstöðum þeirra skráninga í samræmi við 4.4 í starfsleyfi, samhliða skráningatriðum sem upp eru taldir í 4.1





**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

